

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Gunnarssonar um skattbyrði.

1. Hvernig hefur skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri þróast árin 1995–2006, miðað við að tekjur hjóna séu tvöföld eftirfarandi mánaðarlaun einstaklinga árið 2006 og þá jafngildi þeirra launa árið 1995, að teknu tilliti til þróunar launavísitölu:
- 100.000 kr.,
 - 130.000 kr.,
 - 150.000 kr.,
 - 170.000 kr.,
 - 190.000 kr.,
 - 210.000 kr.?

Óskað er eftir að tímabundin frestun skatta á lífeyrissjóðsgreiðslur sé ekki tekin inn í samanburðinn, þar sem frestun skattgreiðslna er ekki sama og skattlausar tekjur.

Sú aðferð sem fyrirspyrjendur fara fram á að sé notuð til að bakreikna launaviðmiðun miðað við launavísitölu gerir það að verkum að ekki er verið að bera saman sambærilegar stærðir. Tölur um skattbyrði eins og hér koma fram eru ekki sambærilegar við aðra útreikninga fjármálaráðuneytisins um skattbyrði vegna skattalegrar meðferðar framlaga í lífeyrissjóði. Neikvæð tala þýðir að framteljandi fær barnabætur greiddar út.

Mánaðarlaun 2006	100.000	130.000	150.000	170.000	190.000	210.000
Tvöföld mánaðarlaun 2006	200.000	260.000	300.000	340.000	380.000	420.000
Heildarskattbyrði 2006	-25,3%	8,8%	19,3%	27,3%	33,7%	38,8%
Mánaðarlaun 1995	49.148	63.892	73.721	83.551	93.380	103.210
Tvöföld mánaðarlaun 1995	98.295	127.784	147.443	167.102	186.761	206.420
Heildarskattbyrði 1995	-31,3%	-9,1%	6,3%	15,4%	22,6%	28,5%

2. Hvernig hefur skattbyrði einstaklings þróast á sama tíma, miðað við sömu launaforsendur og í 1. tölulið?

Mánaðarlaun 2006	100.000	130.000	150.000	170.000	190.000	210.000
Heildarskattbyrði 2006	7,7%	14,4%	17,4%	19,6%	21,4%	22,9%
Mánaðarlaun 1995	49.148	63.892	73.721	83.551	93.380	103.210
Heildarskattbyrði 1995	0,0%	3,6%	8,7%	12,6%	15,7%	18,2%